

49.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 25.september 2014 og hófst kl. 20.00.

Mætt: Sigurjón, Ása, Kári, Sturla, Sigfús og Gry. Helgi Hauksson, formaður dómarnefndar og Júlían J.K. Jóhannsson, formaður mótanefndar, sátu hluta af fundinum.

Þetta gerðist:

- **Dómgæsla.**
Samþykkt að segja í reglugerð að á Íslandsmótum og bikarmóti verða dómara að koma frá þremur mismunandi félögum.
Framkvæmd: Ása tekur þetta til greina við endurskoðun mótareglanna.
- **Agamál.**
Erindi hefur borist frá Sturlaugi Gunnarssyni um meint brot á agareglum á ÍM í réttstöðulyftu 13.sept.sl.
Framkvæmd: Vísað til aganefndar.
- Helgi vék af fundi.
- **Framkvæmd móta.**
Rætt um leiðir til að tryggja góða framkvæmd móta. Mótanefnd falið að setja saman skýran og einfaldan tékklista um þau atriði sem þarf að uppfylla og gera tillögu um hvernig eftirlit með þessu yrði háttað.
Framkvæmd: Mótanefnd með málið. Ása skoðar þetta í samhengi við endurskoðun mótareglanna.
- **Mótaskrá 2015**
Júlían, formaður mótanefndar lagði fram mótaskrá 2015 og var hún samþykkt. Sigurjón þakkaði nefndinni störfín.
Samþykkt að setja ekki minni mót og innanfélagsmót á mótaskrá, en auglýsa þau vel á kraft.is í samráði við mótshaldara.
Framkvæmd: Júlían gengur endanlega frá mótaskrá. Gry birtir á kraft.is
- Júlían vék af fundi.
- **Fundargerð síðasta fundar samþykkt.**
- **Lágmörk á ÍM í opnum flokki.**
Lögð fram tillaga um lágmörk miðuð við 340 wilksstig fyrir alla þyngdarflokka karla og kvenna. Samþykkt að miða við að lágmörkum hafi verið náð á sl 5 árum. Tillagan samþykkt gegn atkvæði Ásu sem lét bóka eftirfarandi:
Ég greiði atkvæði gegn setningu fyrirhugaðra lágmárka. Eftirtalin atriði hafa ráðið ákvörðun minni:
 - 1. Tillagan er með öllu órökstudd. Enn er mér með öllu óljóst hvers vegna talan 340 wilks (umreiknuð í kg) er valin flatt á alla flokka kvenna og karla; ekki frekar en talan 360 wilks sem var upphafleg tillaga.
 - 2. Fyrirhuguð lágmörk eru ekki í samræmi við lágmörk annarra erlendra sambanda. Í Noregi fer t.a.m. fram þróttmikið starf og fjöldi iðkenda þar mun meiri en hér á landi. Lágmörk til þátttöku á Noregsmeistaramótum eru byggð á langri reynslu og þekkingu á frammistöðu keppenda. Augljós og óútskýrður munur er á norsku lágmörkunum og þeirri tillögu sem hér hefur verið lögð fram. Mun strangari kröfur eru gerðar til keppenda hér á landi en í Noregi, og á það sérstaklega við í lægri þyngdarflokkum kvenna. Af þeim sökum

gerði ég tillögu um að þeim lágmarkum yrði fylgt.

3. Þá er ekkert samhengi milli þeirrar tillögu til lágmarka sem hér er til umræðu og svo keppnisreynslu íslenskra kvenna frá því að skipulögð keppni hófst hér á landi. Hér vísa ég til samantektar sem lögð var fram á síðasta stjórnarfundum KRAFT, og sem fylgdi erindi formanns kraftlyftingardeildar Gróttu sem send var stjórn KRAFT í sumar.

- 4. Ég tel því fyrirhugaða tillögu, eins og hún er sett fram, geta unnið gegn útbreiðslu íþróttarinnar og framþróun hennar hér á landi.

Framkvæmd: Gry kynnir á kraft.is og til formanna.

- **Siðareglur sambandsins.**

Samþykkt að móta siðareglur Kraftlyftingasambands Íslands.

Framkvæmd: Ása skoðar þetta jafnhliða endurskoðun mótareglanna.

- **HM og þing IPF**

Auðunn Jónsson, Sigfús Fossdal og María Guðsteinsdóttir keppa á HM. Klaus Jensen dæmir á mótinu. Grétar Hrafnsson fer með atkvæði Íslands á þinginu, en Sigurjón hefur tekið að sér að vera þingforseti.

Stjórnin óskar þeim öllum velgengni í sínum verkefnum.

- **Formannafundur og ársþing 2015.**

Ákveðið að færa formannafundinum til 21.nóvember. Ákveðið að halda formannafundi framvegis í tengslum við stærri mót ef því verður við komið.

Sömuleiðis ársþingið.

Ákveðið að kraftlyftingaþing 2015 verður haldið í Laugardal 17.janúar 2015 kl. 16.00.

Framkvæmd: Gry auglýsir fundi og þing eins og lög gera ráð fyrir.

- **Fjárhagsáætlun næsta árs.**

Stjórnin sammála um að breyta áherslum í fjárhagsáætlun næsta árs. Meiri áhersla verður lögð á uppbyggingu innanlands og leiðir til að styrkja uppbyggingarstarfið í félögunum, efla innviði og mótahald.

- **Önnur mál.**

Dómaranámskeið á Ísafirði.

Framkvæmd: félagið ræðir við formann dómaranefndar um framkvæmd, dagsetningar o.s.frv.

- Kraftlyftingafélagið Víkingur hefur áhuga á að halda kraftlyftingamót á landsmóti í vetraríþróttum á Ísafirði.

Stjórnin fagnar hugmyndinni.

- Næsta alþjóðamót á Íslandi.

Hugmyndir hreifðar. Stjórnin sammála um að byggja á fenginni reynslu og sækja eftir næsta viðráðanlega mót sem er laust.

Ekki fleira gert.

Fundi slitið kl. 21.45

Fundarritari: Gry Ek